



Íbúafundur 15. nóvember 2010

Samantekt

Markmið fundarins, sem boðað var til af bæjarstjórn var að upplýsa um fjárhagsstöðu bæjarins og helstu áherslur í fjárhagsáætlunargerð 2011, ásamt því að heyra sjónarmið íbúa um þau mál sem þeir vildu koma á framfæri.

Um 70 íbúar mættu á fundinn, sem var haldinn í Samkomuhúsinu og stóð frá kl. 20 – 21.50.

Forseti bæjarstjórnar, Sigurborg Kr. Hannesdóttir setti fundinn og stýrði honum.

Bæjarstjóri, Björn Steinar Pálmason fjallaði um fjármál.

Fundarritarar voru María Ósk Ólafsdóttir og Þorbjörg Guðmundsdóttir.

Í umræðum gátu fundargestir valið um að taka til máls eða skrifa spurningar, ábendingar eða hugmyndir á miða, sem margir nýttu. Til máls tóku í stafrófsröð: Ásgeir Ragnarsson, Björg Ágústsdóttir, Elsa Björnsdóttir, Gísli Ólafsson, Helga Hafsteinsdóttir, Johanna Van Schalkwyk, Ragnar Elbergsson, Runólfur Guðmundsson, Sigríður Finsen og Silja Rán Arnarsdóttir. Auk þeirra tóku bæjarstjóri og forseti þátt í umræðum.

Ákvarðanir og verkefni í vinnslu

Í kynningu um ákvarðanir og verkefni í vinnslu var fjallað um eftirtalin atriði:


- Aukin verkefni forseta
- Hagsmunagæsla varðandi sjávarútveg og heilbrigðisþjónustu
- Samstarf við nágrannasveitarfélög
- Innkaup
- Orkumál
- Sorpmál
- Snjómokstur

Sjá nánar í glærum frá fundinum, sem er að finna á vef bæjarins, undir frétt um fundinn.




Fjármál

Fram kom í máli bæjarstjóra að **tekjur** bæjarins skiptast þannig:



Og **kostnaður** skiptist þannig eftir málaflokkum.



Fram kom að á næsta ári þarf að verða viðsnúningur í rekstri um allt að 50 milljónir, með hagræðingu eða hækkun tekna.

Fasteignagjöld verða hækkuð um að meðaltali 5%. Lækkun fasteignamats vegur upp á móti hækkuninni hjá flestum gjaldendum.

Nú er komið að róttækum „uppskurði“, þ.e. að hugsa starfsemi og þjónustu upp á nýtt á sem flestum sviðum.

Þetta verða megináherslurnar í fjárhagsáætlun 2011:

- Að hafa garðinn blómlegan en minnka hann tímabundið.
- Að líta til hagræðingar til lengri tíma, jafnvel þó það kosti, t.d. lækkun orkukostnaðar í grunnskóla.
- Leggja áherslu á samstarf þar sem hver króna margfaldast, t.d. við fyrirtæki, félög og stofnanir.
- Það verða minni framkvæmdir
- Lögð verður áhersla á velferð og þá sérstaklega að standa vörð um börn og unglinga.

Fram kom að það er ekki raunhæft að sveitarfélagið geti aukið þjónustu eða tekið þátt í verkefnum á sama hátt og áður.

Punktur um fjármál í umræðum voru helst þessir:

- Manni er brugðið að sjá þessar upphæðir sem sveitarfélagið skuldar, fyrir 10 árum var Grundarfjarðarbær með skuldægstu sveitarfélögum landsins.
- Skuldir nema 1,7 milljón á íbúa.
- Bærinn greiðir 150 milljónir á ári í afborganir og 80 í vexti og verðbætur, samtals kr. 230 milljónir.
- Miklar tekjuskerðingar hafa orðið, vextir af erlendum lánnum hafa hækkað og verðbólgu hækkan verði geigvænleg. Lán hafa hækkað en tekjur staðið í stað. Þetta gerist hægt og bítandi.
- Hvernig stendur á því að við erum á þessum gjörgæslulista, af hverju erum við verr stödd en Snæfellsbær, við erum til að mynda ekki með þetta fína íþróttarhús?
- Á undanförunum áum hefur verið samfelld uppbygging og hún hefur kostað. Markmiðið var að stækka og efla bæinn, stækkuðum höfnina 2x, lögð var áhersla á að efla samgöngur og fleira. Á þessum tíma má nefna framkvæmdir eins og Búlandshöfða, Kolgrafafjarðarbrú og Vatnaleið – þó svo að ríkið hafi greitt kostnaðinn, skipti hagsmunabarátta heimamanna máli. Land var keypt til að tryggja uppbyggingu sveitarfélagsins, Grunnskóli var bættur, FSN var byggður, iðnaðarsvæði byggt upp og svo margt fleira.
- Það sem þau sáu ekki fyrir var hrunið, af því að það var svo gott árferðið 2007 þá var þorskaflinn sleginn af um 30%.
- Er fyrirhugað að selja eignir – t.d. Hrafnkelsstaði og hverjar eru tekjurnar af þessum eignum? Þessi staður gleymist oft – en það hefur ekki verið rætt. Eigum ekki miklar eignir.
- Eru starfsmenn bæjarins allir með lögheimili og borga útsvar til sveitarfélagsins? Við hljótum að geta ætlast til af okkar starfsfólki að það borgi útsvar til síns bæjarfélags og þar sem það býr.
 - **Svar:** Nei, bara þeir sem búa á staðnum.
- Samanburður við nágrennasveitarfélög: Fyrir 4 árum var Snæfellsbær á valista, en þeir þurfa að skera niður um 150-200 milljónir fyrir næsta ár og Stykkishólmur um 50 milljónir.
- Hvað breyttist í Snæfellsbæ á síðustu 4 árum? Skáru mikið niður – sameinuðu skóla – gjöful útgerð – fengu miklar greiðslur úr jöfnunarsjóði.
- Búið er að boða breytingar á reglum um greiðslur úr jöfnunarsjóði sem á að skila Grundarfirði eitthvað meiri tekjum úr sjóðnum en ella.

Framkvæmdir, sorp- og orkumál

Nokkrar spurningar og ábendingar komu frá fundarmönnum, varðandi framkvæmdir, sorp- og orkumál:

- Ekki er búið að gera áætlanir umframkvæmdir á næsta ári en þær verða eins litlar og hægt er að komast af með.
- Þó er ekki hægt að sjá fyrir sér að fara í gegnum næstu 10 ár án nokkurra framkvæmda.
- Hefur bæjarstjórn bent ráðamönnum á óbeislaða orku undir Kolgrafabrúnni?
 - **Svar:** Þegar brúin var byggð, hefði hún þurft að vera stærri til að hægt væri að setja undir hana hreyfla og nýta orkuna.
- Spurt var um grænu tunnurnar, hvað kostnaður muni hækka ef þriðja tunnan bætist við.
 - **Svar:** Hver kostnaður gæti orðið er ekki vitað nákvæmlega. Almennt séð er kostnaður að aukast - aukin krafa um að flokka meira. Urðunarstöðum fækkar og þess vegna mun kostnaðurinn fyrir bæjarfélög hækka.
- Fram kom ósk um að bæjarbúar fái að vita hvað þetta muni hafa í för með sér varðandi kostnað, þegar þar að kemur.

Sóknarfæri

Í kynningu kom fram að leitað verður allra leiða til að auka tekjur með því að nýta sóknarfæri:

- Gera meira úr því sem við höfum!!
- Samstarf innan bæjar og utan
- Nýsköpun í starfandi atvinnuvegum og fyrirtækjum
- Markaðssetning
- Vera framsýn!

Allt eru þetta hlutir sem snerta fleiri en Grundarfjarðarbæ, bærinn getur hins vegar skapað ákveðin skilyrði.

Sömu skilaboð komu fram í umræðum:

- Hvernig aukum við tekjurnar – örva meira inní atvinnulífið hér í Grundarfirði.
- Skiptir okkur mestu að fá að nota atvinnutækifæri og nota bátana.
- Mikilvægt að auka þorskvótann til að fá pening.
- Skapa meiri tekjur, nýsköpun og fá fleiri fyrirtæki til okkar
- Beisla auð bæjarbúa á einhvern hátt? Hvernig?
- Spurt var um ályktun sem var send um sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og hvað í henni fólst.
 - **Svar:** Ályktunin, sem Þórður Magnússon samdi, snýst um að skora á ráðherra að auka aflaheimildir, úr 20% í 25%. Var send á fleiri sveitarfélög í landinu. Snýst um að fá auknar tekjur. Samhljóða ályktun frá Snæfellsbæ. Sjá nánar í fundargerð frá 127. fundi bæjarstjórnar.

Samstarf / sameining sveitarfélaga

Talsvert var rætt um samstarf og mögulega sameiningu sveitarfélaga og þau sem tjáðu sig um það mál, hvöttu til að þau mál verði skoðuð.

Punktur úr umræðunni:

- Það er komið að því að efla sveitarstjórnarstigið hér á Snæfellsnesi, með sameiningum sveitarfélaga. Það verði unnið með grasrótinni. Grasrótin – íbúarnir þurfa að fara að hugsa og tala saman um hvernig og hvað við gerum í framtíðinni. Við þurfum að vakna og gera meira og koma með hugmyndir.
- Einu sinni voru allir á móti sameiningu – við viljum sameinast núna því við erum svo skuldsett en það er ekki málið! Við þurfum að vera dugleg að minna á að þegar við felldum öll sameiningar – þá vorum við, Grundarfjörður, ekki illa stödd!
- Nýr ráðherra sveitarstjórnarmála, Ögmundur Jónasson breytti um stefnu, en fyrri ráðherra stefni að því að sameinað yrði með lögum en ekki kosningum íbúa. Fram kom ótti við að það komi kulnun í sameiningarmálin vegna þessa.
- Ráðherra er hann ekki á móti sameiningarmálum heldur lögbindingunni, grasrótin á að taka þátt í þess sameiningarferli. Eigum við að sameina leikskóla, grunnskóla o.s.frv. Við verðum að fara og hugsa um þessi mál, ætlum við að ná endum saman.
- Við erum að ræða um framtíðina, Snæfellsnes kemst ekki af með þessu áframhaldi, það er alltaf verið að færa málefni yfir á sveitarfélögin og því verða þau að vera stærri til að hafa getu til að sinna þessum verkefnum.
- Samkvæmt nágildandi lögum ættu sveitarfélög á Snæfellsnesi að fá ca. 300 milljóna krónu skuldajöfnunarframlag úr Jöfnunarsjóði.
- Bent var á þessum reglum verði áreiðanlega breytt, því annars myndu sameiningar nú, ganga af Jöfnunarsjóði dauðum.
- Sameining er nú þegar byrjuð hjá FSN, þetta gerist smátt og smátt með börnin okkar.



Hvar sláum við af kröfum?

Eftir kaffihlé voru þátttakendur beðnir um að skrifa á miða svör sín við spurningunni: *Hvar myndir þú leggja til að við sláum af kröfum?*

Svörin voru á þessa leið:

- Íþróttamál
 - Minni kröfur á ljós á sparkvelli
 - Sameina íþróttarfélög á Nesinu
- Stjórnsýsla
 - Auka fjarfundi í stjórnsýslunni
 - Draga úr veitingum á fundum
- Snjómokstur
 - Minnka kröfur í snjómokstri
 - Hætta snjómokstri á sunnudögum
 - Hætta öllum snjómokstri
- Atvinnulíf
 - Leggja áherslu á eflingu atvinnulífsins
 - Nýta krafta þeirra sem eru á atvinnuleysisskrá í ákveðin átaksverkefni
- Sameining sveitarfélaga
 - Sameina bæjarfélögin á Snæfellsnesi ásamt Borgarbyggð, Dölum og Reykhólahrepp
- Skólar
 - Sameining skólanna, samnýting á fagfólki, einn stjórnandi
 - Samvinna – Sameining skólastiga. Einn stjórnandi.
 - Ekki taka svona ung börn á leikskólann.
 - Hvað þarf að hafa langan heilsdagsskóla?
- Götur og umferð
 - Spara viðhald á götum
 - Koma upp hestasteinum við banka og heilsugæslu!
- Umhverfismál
 - Rækta óslegið gras – Blómaengi og víðikjarr
 - Hætta að gróðursetja tré (ef það kostar bæinn).
 - Að hver og einn sópi og týni rusl fyrir framan sitt hús og reita og rækta tré eins og grænir gera :)
- Heilsuefling
 - Sameiginlega heilsueflingu
 - Hvetja íbúa til að ganga á milli staða
 - Bætt heilsa íbúa
- Sjálfböðastarf
 - „Charity begins at home“ – and what does charity involve? It means to give of your time and effort, for FREE. Perhaps we should see Grundarfjöldur as in need of our charity at this time – Away from that 2007 idea. ÉG geri ekki neitt fyrir ekki neitt! – Gerum einmitt það....



Þátttaka íbúa

Þessi fundur er liður í því að auka samstarf við íbúa, eins og var kosningaloforð L-listans.

Eitt íslenskt sveitarfélag hefur sett sér lýðræðisstefnu, Garðabær. Hér verður áherslan þó fyrst og fremst á þátttöku í framkvæmd. Það mun kalla á breytingar í stjórnsýslunni og tekur tíma. Stefnan er sú að íbúar geti alltaf séð hvort og þá hvernig þeir geta komið sínum sjónarmiðum á framfæri í tengslum við ákvarðanatöku.

Það sem er mikilvægt

Í lok fundar röðuðu þátttakendur sér í hring og botnuðu hver fyrir sig setninguna:

Á þessum tímum finnst mér mikilvægt að

- Vinna saman – (kom mjög oft)
- Vinna betur saman
- Vera jákvæð (Mjög oft)
- Efla bjartsýni (Mjög oft)
- Verum bjartsýn – Verum vinir!
- Vera vinir
- Sýna samstöðu og vera vinir
- Hugsa alla hluti með opnum huga
- Hlúa að börnum okkar og muna að þau skipta framtíðina máli
- Hlæja saman
- Halda unga fólkinu í Grunarfirði
- Muna að fullt af fólki hefur það verra en við
- Hugsum um hvort annað og brosum!
- Búa til peninga!
- Vera innsýn
- Stolt af bænum okkar
- Auka innkomuna
- Nýta hvert tækifæri til að gleðjast
- Kærleikur og ást skiptir miklu máli
- Engan snjó
- Snjóí sem mest
- Moka gangstíga fyrst, svo göturnar
- Eftir vetur kemur sumar
- Halda áfram góðri uppbyggingu, með sýn á framtíðina
- Samkennd - hugsa um hvert annað
- Heiðarleg við að vinna okkur út úr vandanum og hjálpumst að við það
- Þorum að hafa byltingarkenndar hugmyndir um framtíðina
- Vera jákvæð og þora að segja skoðanir okkar betur.
- Þakka fyrir það sem við höfum og vinna saman að framtíðinni



Þakklæti og allt mögulegt

Fundargestir gátu skrifað á blöð uppi á vegg og botnað tvær setningar: *Í Grundarfirði getum við verið þakklát fyrir...* og *Ef allt væri mögulegt, hvers vegna ekki að...*

Þetta rataði á vegginn:

Í Grundarfirði getum við verið þakklát fyrir ...

- Stærð samfélagsins og samstöðu íbúanna
- Fjarlægðina frá Reykjavík
- Kirkjufellið
- Náttúrufegurðina
- Bókasafnið
- Grunnskólann
- Leikskólann
- Fjölbrautaskólann
- Sunnanrok (hreinsa til)
- Veðurbliðuna
- Skátana
- Björgunarsveitina
- Bókabúðina
- Hárgreiðslumeistarana
- Að fólk sýni samhug
- Íbúana
- Tónlistarlífið/-skólann sem hvetur og gleður
- Afþreyingu/hátíðir (Á góðri stund, kvikmyndahátíð og Rökkurdagar)
- Hvert einasta starf
- Kórinn
- Rauða krossinn
- Heilsugæsluna
- Líkamsræktina
- Félagsmiðstöðina
- Vinahúsið
- Virkt félagslíf
- UMFG
- Þjónustu
- Dvalarheimilið
- Góðar samgöngur
- Útgerðir



Ef allt væri mögulegt, hvers vegna ekki að ...

- Stóran yfirbyggðan sparkvöll
- Fleiri möguleika fyrir krakka á aldrinum 13-16 ára
- Fjölbreytta atvinnustarfsemi með möguleikum fyrir getu íbúanna
- Menningarhús sem tekur 500 manns í sæti
- Fata outlet (eins og á Korputorgi)
- Skipuleggja svæði fyrir frístundabú
- Óhefðbundna heilsugæslustöð
- Auka samheldni íbúa
- Opið, frítt samkomuhús
- Reisa heilsárslaug
- Rækta meira grænmeti
- Stofna hverfaráð (frumkvæði íbúanna) sem gætu staðið fyrir hreinsunar-og átaksverkefnum- og hverfagleðskap

Að lokum

Óhætt er að segja að fundurinn heppnaðist vel og áhersla fundarmanna á bjartsýni, samvinnu og kraft, þrátt fyrir erfiða fjárhagsstöðu, er dýrmætt vegarnesti inn í framhaldið. Yfirlýsing Runólfs Guðmundssonar fyrir hönd D-lista um að minni- og meirihluti muni vinna sem einn maður að því að rétta við fjárhagsstöðu bæjarins, var gott innlegg í umræðuna og var fagnað með lófataki. Með þessum íbúafundi hefur verið stigið fyrsta skrefið á kjörtímabilinu í þá átt að vinna meira með íbúum og verða nú ábendingar íbúa teknar til skoðunar við gerð fjárhagsáætlunar og í öðru eftir því sem við á og síðan greint frá því hverju skilaboðin breyttu í fjárhagsáætlun eða stefnu. Öllum íbúum sem sóttu fundinn og starfsmönnum fundarins er þakkað fyrir þátttöku.

